

Íbúaráð Vesturbæjar

Ár 2022, miðvikudagur, 20. apríl var haldinn 25. fundur íbúaráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur (borgarráði) og með fjarfundarbúnaði og hófst kl. 15.03. Eftirtaldir fulltrúar voru viðstaddir: Ásta Olga Magnúsdóttir. Eftirtaldir fulltrúar í íbúaráði Vesturbæjar tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Skúli Helgason, Björn Karlsson og Salvör Ísberg. Fundinn sat einnig Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð og Sigprúður Erla Arnardóttir sem sat fundinn með fjarfundarbúnaði.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um aðstöðu til íþróttaiðkunar, útivistar og um lýðheilsu í Vesturbæ..
Sigríður Arndís Jóhannsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
2. Fram fer kynning á hreinsun gatna og gönguleiða í borgarhlutanum.
3. Fram fer umræða um tillögu borgarstjóra dags. 5. apríl 2022 – Borgin okkar 2022.
4. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 13. apríl 2022 vegna auglýsingar á tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Hagaskóla á lóð nr. 1 við Fornhaga.
5. Fram fer umræða um spurningar og svör á íbúafundi borgarstjóra.
6. Fram fer umræða um málefni hverfisins.
7. Lagðar fram til afgreiðslu umsóknir í hverfissjóð. Þessi liður fundarins er lokaður.
Afgreiðslu umsókna frestað.

Fundi slitið kl. 16:11

Ásta Olga Magnúsdóttir

Skúli Helgason
Salvör Ísberg

Björn Karlsson